

DÝPTARKORT STÖDUVÁTNA

Reglur um teiknun

1. Vatnamælingarnar hafi sámráð við landmælingadeild raforkumálastjóra um stærð korta og annað, sem lýtur að því, að fella dýptarkortin ú landabréf deildarinnar.
2. Vatnamælingamaður reiknar út hornamælingu og setur niður stöðvar.
3. Teiknari teiknar kortin að fyrirsögn vatnamælingamanns og samkvæmt eftirfarandi reglum.
4. Vatnamælingamaður gefur formanni teiknistofu leiðbeiningar varðandi svið dýptarmælis o.fl., sem áhrærir mældar línur, í hvert sinn þegar pappír dýptarmælis ásamt flugmynd viðkomandi vatns með mælistöðvum eru afhent til teiknunar.
5. Strandlína skal dregin upp eins nákvæmlega og auðið er.
6. Dýptarlínur skulu vera heildregnar, nema einkennandi línur skulu vera "stimpleraðar" eða punkteraðar" svo sem 5, 10, 15 m línur o.s.frv., þar sem eins-metra línur eru dregnar og 20, 40, 60, 80, 100 m línur o.s.frv. á kortum með 5 metra línur.  
Einkennislínur gætu þá lítlið þannig út:  
5 m línan — . — . —  
10 - - — .. — .. —  
15 - - — ... — ... —
7. Dýptarlínur skulu slitnar sundur, þar sem dýptartalan er skráð og hún felld inn í línuna.
8. Fylgt skal dönskum staðli um hlutfall milli strikþykktar strandlínu og dýptarlína.
9. Hafa skal það hugfast að kortin verða smækkuð eftir að þau eru dregin upp.
10. Vatnsföll, sem sjást á flugmyndinni, sem lögð er til grundvallar, skulu dregin upp, svo og mannvirki, hús og vegir.
11. Vatnamælingamaður leiti til greinargóðra manna um örnefni, sem verða sett á kortið.
12. Mældar línur skulu dregnar upp en mjög veik, t.d. með þynntu tússi, eða með víkjandi lit í prentun. Óþarft er að hafa skrásetningartöluna á strikunum.
13. Glöggur kvarði skal vera á hverju korti frá 0-1000 m.

14. A. Leitast skal við að festa vötnin þannig niður á pappírinn að eyður (land) verði sem minnstar.  
B. Þó getur verið rétt að víkja frá þessari reglu, ef aðeins örlitlu munar til þess að höfuðáttir verði samsíða köntum teikningarinnar.
15. Teikna skal krossa í kílómetraneti. Hádegisbaugum fylgt.
16. A. Við hvert stöðuvatn er a.m.k. eitt F.M. Hæðartala þess skal vera eins og landmælingadeild raforkumálastjóra segir.  
B. Ef hæðartala er ekki þekkt þegar kortið er teiknað skal hæð F.M. yfir vatnsfleti skráð í cm, þ.e.a.s. mism. vatnsflatar og F.M. þegar mælt var.
17. Draga skal norður mál.
18. Í kortahaus sttti þetta að vera skráð orörétt (nema það sem stendur innan sviga)
- 1) RAFORKUMÁLASTJÓRI
  - 2) (Nafn stöðuvatas)
  - 3) Dýpi í metrum
  - 4) Hæðartala vatnsflatar
  - 5) Mælt með bergmálsmæli ELAC LAZ 17C í (mán. ár).
  - 6) Mælikvarði frumteikn. 1 ..... (smátt letur)
  - 7) (Fangamark vatnamælingamanns og teiknara, eins og þeir rita þau)
  - 8) 0332 (hin nýja skrásetningartala)
  - 9) (Frumrita númer)
  - 19) ————— mældar línur.
19. Viðaukar við þessar reglur skulu skráðir í viðbættinn hér á eftir.

Reykjavík, 10. febr. 1958



Viðauki